

## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/72/EB

frá 18. nóvember 1996

um breytingu á tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 69/208/EBE og 70/458/EBE um markaðssetningu sykkurófufræja, fódurjurtafræja, sáðkorns, kartöfluútsæðis, olíu- og trefjajurtafræja og matjurtafræja

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í grein G í sáttmálanum um Evrópusambandið var heitið „Evrópubandalagið“ sett í stað heitisins „Efnahagsbandalag Evrópu“. Í stað skammstöfunarinnar „EBE“ komi þar af leiðandi skammstöfunin „EB“.

Skammstöfunin „EBE“ birtist í tilteknum ákvæðum tilskipana 66/400/EBE <sup>(4)</sup>, 66/401/EBE <sup>(5)</sup>, 66/402/EBE <sup>(6)</sup>, 66/403/EBE <sup>(7)</sup>, 69/208/EBE <sup>(8)</sup> og 70/458/EBE <sup>(9)</sup> um markaðssetningu sykkurófufræja, fódurjurtafræja, sáðkorns, kartöfluútsæðis, olíu- og trefjajurtafræja og matjurtafræja og einkum í tengslum við umbúðir og merkingar sáðkorns. Því þykir við hæfi að í stað skammstöfunarinnar „EBE“ komi skammstöfunin „EB“ í framangreindum ákvæðum.

Oftast eru pantaðar miklar birgðir af merkimiðum fyrir fram og því skal heimila að nota merkimiða sem bera skammstöfunina „EBE“ áfram á tilteknu aðlögunartímabili.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 157, 1. 6. 1996, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996, bls. 243.

<sup>(3)</sup> Álit var skilað 25. september 1996 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarsáttmálanum frá 1994.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/18/EB (Stjtið. EB nr. L 76, 26. 3. 1996, bls. 21).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/6/EB (Stjtið. EB nr. L 67, 25. 3. 1995, bls. 30).

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2320/66. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/16/EB (Stjtið. EB nr. L 6, 9. 1. 1996, bls. 19).

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/18/EB (Stjtið. EB nr. L 76, 26. 3. 1996, bls. 21).

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/18/EB (Stjtið. EB nr. L 76, 26. 3. 1996, bls. 21).

I. gr.

Breyta skal tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 69/208/EBE og 70/458/EBE sem hér segir:

1. Í tilskipun 66/400/EBE komi skammstöfunin „EB“ í:

— G-hluta 1. liðar 2. gr.,

— 1., 2. og 3. mgr. 10. gr.,

— 1. mgr. 11. gr.,

— 1. og 2. mgr. 11. gr. a,

— 11. gr. b,

— öðrum undirlið 1. mgr. 14. gr., og

— 1. lið, og fyrirsögn B-hluta og I. hluta A-hluta III. viðauka,

í stað skammstöfunarinnar „EBE“.

2. Í tilskipun 66/401/EBE komi skammstöfunin „EB“ í:

— F- og G-hluta 1. liðar 2. gr.,

— 1., 2. og 3. mgr. 9. gr.,

— 1. mgr. 10. gr.,

— 1. og 2. mgr. 10. gr. a,

— 10. gr. b,

— 3. mgr. 13. gr.,

— þriðja undirlið 1. liðar 14. gr.,

— 1. lið b-liðar og 1. lið a-liðar I. hluta A-hluta IV. viðauka,

— 1., 3., 4., 5., 6. og 7. lið c-liðar, 1. lið b-liðar, 1. lið a-liðar og fyrirsögn B-hluta IV. viðauka,

í stað skammstöfunarinnar „EBE“.

3. Í tilskipun 66/402/EBE komi skammstöfunin „EB“ í 1. lið a-liðar A-hluta í IV. viðauka í stað skammstöfunarinnar „EBE“.

4. Í tilskipun 66/403/EBE komi skammstöfunin „EB“ í 1. lið A-hluta III. viðauka í stað skammstöfunarinnar „EBE“.

5. Í tilskipun 69/208/EBE komi skammstöfunin „EB“ í 1. lið a-liðar A-hluta í IV. viðauka og 1. lið b-liðar A-hluta í IV. viðauka í stað skammstöfunarinnar „EBE“.

6. Í tilskipun 70/458/EBE komi skammstöfunin „EB“ í:

— 1. mgr. 25. gr., og

— 1. lið a-liðar B-hluta og 1. lið a-liðar B-hluta í IV. viðauka,

í stað skammstöfunarinnar „EBE“.

## 2. gr.

Heimilt er að nota fyrirbyggjandi birgðir af merkimiðum, sem bera skammstöfunina „EBE“, til 31. desember 2001.

## 3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari þann 1. júlí 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði landslaga sem sett eru á því sviði sem

þessi tilskipun nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

## 4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

## 5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. nóvember 1996.

*Fyrir hönd ráðsins,*

I. YATES

*forseti.*